



### **Ráðning framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur**

Í 11. grein samþykktar heilbrigðisnefndar Reykjavíkur kemur fram að heilbrigðisnefnd ráði framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að fenginni tillögu sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs, til fimm ára í senn.

Formaður heilbrigðisnefndar fól undirritaðri, í samræmi við framangreint, ábyrgð á ráðningarferlinu. Fjöldmargar umsóknir bárust um starfið og fékk Reykjavíkurborg sérhæfðan ráðgjafa til að aðstoða við yfirferð umsókna. Mat var lagt á umsóknir út frá þeim hæfniskröfum sem tilgreindar voru í auglýsingu um starfið auk þess sem þeim sem helst þótti koma til greina var boðið í viðtal. Að loknu grunnmati og fyrsta viðtali var þeim boðið, sem helst þóttu koma til greina, að leysa raunhæft verkefni og kynna í framhaldsviðtali. Loks var leitað umsagna hjá þeim umsækjendum sem hæfastir þóttu. Niðurstaða matsins var að Tómas G. Gíslason væri hæfastur umsækjenda til að gegna starfinu.

Tómas er með B.Sc. gráðu í líffræði frá Háskóla Íslands og M.Sc. gráðu í líffræði frá RMIT University í Melbourne, Ástralíu. Tómas er með víðtæka reynslu í umhverfismálum og opinberri stjórnsýslu. Hann starfaði frá 2001 til 2008 sem heilbrigðisfulltrúi hjá Heilbrigðiseftirlitinu í Reykjavík og sinnti þar margvíslegum verkefnum á sviði mengunarvarna. Síðastliðin 14 ár hefur hann starfað sem umhverfisstjóri hjá umhverfissviði Mosfellsbæjar. Tómas hefur í starfi sínu borið ábyrgð á ýmsum verkefnum stórum sem smáum á vegum Mosfellsbæjar. Hann hefur verið staðgengill framkvæmdastjóra umhverfissviðs, verið starfsmaður umhverfisnefndar Mosfellsbæjar og borið ábyrgð á reglulegum fundum nefndarinnar.

Sem umhverfisstjóri hefur Tómas haft yfirumsjón umhverfismála hjá sveitarfélaginu, borið ábyrgð á umhverfisáætlunum sveitarfélagsins og ábyrgð á vinnu við fjárhags- og framkvæmdaáætlun vegna umhverfismála. Hann hefur verið fulltrúi Mosfellsbæjar í margvíslegum samstarfsverkefnum bæði á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga sem og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Tómas hefur leitt ýmis verkefni og farið fyrir margvíslegum vinnuteyimum þvert á sveitarfélagið þar sem margir koma að frá mismunandi sviðum sveitarfélagsins. Það hefur falið í sér ríkt samráð við nefndir, ráð og kjörna fulltrúa innan sveitarfélagsins en einnig mikil samskipti, samráð og ráðgjöf við fjölmarga utanaðkomandi aðila.

Auk undirritaðrar önnuðust Ásdís Ásbjörnsdóttir, mannauðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar og Auður Bjarnadóttir, ráðgjafi hjá Vinnvinn ráðningum, meðferð málsins.

Í ljósi framangreinds leggur undirrituð til að heilbrigðisnefnd ráði Tómas G. Gíslason í stöðu framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Virðingarfyllst,  
Ólöf Örvarsdóttir  
*Umhverfis- og skipulagssvið*  
*Sviðsstjóri*